

TILSKIPUN

13

15. apríl

um

viðauka við tilskipun nr. 56, 1. desember 1924, um lyf og læknisáhöld
í íslenzkum skipum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 31. gr. siglingalaganna frá 30. nóvember
1914, viljum Vér skipa svo fyrir um lyf og læknisáhöld í íslenzkum
skipum:

Hvert skip, sem á að hafa lyfjakistu nr. 2, 3, 4 eða 5, skal hafa áfengis-
viðskiptabók, löggilta af lögreglustjóra. Þegar skipið fær áfengisskammt í lyfja-
kistu sína, skal lyfsali skrá skammtinn og afhendingardag í þessa bók, en skip-
stjóri eða stýrimaður fá lyfsala kvittun fyrir viðtökunni. Skip mega ekki fá
áfengisskammt oftár en svo, að 2 mánuðir liði á milli í minnsta lagi, og skulu
lyfsalar gæta þess að afhenda ekki nýjan skammt ef styttri tími er liðinn, frá
því síðasti skammtur er fenginn, samkvæmt viðskiptabókinni.

Í byrjun hvers árs eða vertíðar, skal lögreglustjóri votta í bókina, að
skipið sé í gangi.

Tilskipun þessi gengur í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 15. apríl 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson,